

## Útdráttur

Í þessu verki er leitast við að finna svör við því hvort tónlist og tónlistarnám sé mikilvægt og þá aðallega í tengslum við nám barna. Þar að auki vakti það forvitni okkar hvort einhver munur væri á viðhorfum nemenda sem voru í tónlistarnámi og nemenda sem ekki voru í tónlistarnámi til náms.

Í fyrri hluta verksins er ætlunin að varpa ljósi á hvernig tónlist getur haft áhrif á nám og er fjallað um ofurnám og Mozart-áhrifin. Auk þess er umfjöllun um ólíkt tónlistarnám eins og Suzukiaðferðina og áhrif tónlistanáms á námsgetu. Fjallað er um fjölgreindakenningu Gardners en samkvæmt henni má flétta og samþætta tónlist við aðrar námsgreinar. Það er mikilvægt að börn, bæði í leik- og grunnskóla, fái tækifæri til að kynna og iðka tónlist. Í síðari hluta verkefnisins er fjallað um könnun sem gerð var á viðhorfi nemenda til náms. Gerður var samanburður á nemendum sem stunduðu tónlistarnám og nemendum sem ekki voru í tónlistarnámi. Niðurstöðurnar sýna að nemendur sem stunduðu tónlistarnám höfðu öðruvísi viðhorf til námsins.

Tónlist leikur stórt hlutverk í daglegu lífi mannsins og það er margt sem börn fara á mis við ef að tónlistarþátturinn í námi þeirra er vanræktur. Það eru margar leiðir færar til að auka tónlistarkennslu barna í leik- og grunnskólum. Til eru fjölbreyttar leiðir sem vekja áhuga barna og ætti því að vera mögulegt að ná til sem flestra. Helsti vandinn í dag er að það vantar menntaða tónmenntakennara auk þess sem almennt kunnáttuleysi bæði leik- og grunnskólakennara hefur hamlandi áhrif á það að tónlist sé notuð í daglegu starfi barna.

### Abstract

This work seeks answers to whether music and musical training is important, mainly connected to children's education. We were interested in finding out if there are any difference between student's attitude that were in musical training and those who were not in musical training.

In the first part of the work we focus on how music can influence learning, for instance the superlearning and the Mozart-effects. In addition we present different music training, like the Suzukiapproach and the effects of musical training on learning ability. Furthermore we address the concept of Multiple intelligences as proposed by Howard Gardner and how music can be integrated with other subjects. It is important that children, both in elementary schools and kindergarten, have a chance to pursue and practice music. In the second part of this work we discuss an inquiry about student's attitude towards education. We did a comparison on students who were in musical training and students that were not in any musical training. The results show that students that were in musical training have more positive attitude than those who were not in musical training.

Music plays a big role in our every day lives and children who do not have music in their lives miss a great deal. There are various ways to increase children's music education both in elementary schools and in kindergarten. We can use different ways to create interest in music with children and by doing so more children might become interested in music. The lack of educated music teachers and lack of knowledge about using music in the schools is a problem today. All that has a deterrent effect on teaching through music in children's every day lives.